

Nd.

202. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun kennaraembættis í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði við Háskóla Íslands.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »líffærameinfræði« komi:
meinfræði (pathologia og anatomia pathologica).

2. Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Kennarinn í þessum fræðum skal skyldur til þess að takast einnig á hendur kenslu í einhverri annari grein læknisfræðinnar, ef þess gerist þörf. Annars hefir hann sömu skyldur og rjettindi sem dósentar við Háskólann.

Embætti þetta veitist eftir tillögum læknadeildar Háskólans, en þó eigi fyr en Norðurálfuófríðinum er lokið, og í fyrsta lagi 1917.

Í fyrirsögn frv. komi:
meinfræði
í stað »liffærameinfræði«.